

Fundargerð  
ÁRSFUNDAR  
Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2021

Haldinn mánudaginn 7. júní 2021 kl. 14:00

Í Sigtúni 42, Reykjavík

Formaður stjórnar, Garðar Hilmarsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundargestir voru alls 17, stjórn, starfsmenn og gestir þar með taldir.

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar Garðar Hilmarsson flutti skýrslu stjórnar sem er eftirfarandi:

Fundarstjóri, ágætu sjóðfélagar og aðrir fundarmenn.

Árið 2020 var gott ár fyrir Brú lífeyrissjóð hvað varðar ávöxtun en árið var bæði sérstakt og erfitt vegna Covid-19. Í byrjun árs var heimsfaraldur orðinn staðreynd sem leiddi til áfalla í efnahagslífinu í nær öllum löndum og ekki síst á eignamörkuðum þar sem sjóðurinn starfar á. Mikill samdráttur varð í efnahagslífi landsins en þó einna mest í ferðapjónustunni.

Þrátt fyrir það var þróun á skuldabréfamarkaði sjóðnum hagstæð, og ávöxtun á bæði innlendum og erlendum hlutabréfamarkaði góð en til viðbótar var gengisþróunin hagstæð.

Á síðasta ári var raunávöxtun sjóðsins 7,1% og nafnávöxtun nam 10,8%. Þetta er nokkuð yfir meðaltali raunávöxtunar síðastliðinna ára, en 5 ára meðaltalið er 4,6% og 10 ára meðaltalið er 4,9%, og því yfir því viðmiði sem lífeyrissjóðir nota við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem er 3,5%.

Verðbólga hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár en á árinu 2020 hækkaði vísitala neysluverðs nokkuð eða um 3,6% á árinu.

Innlendir markaðs- og stýrivextir hafa lækkað síðustu misseri og sú þróun hélt áfram á árinu 2020, sérstaklega í kjölfar Covid-19 faraldursins.

Sjóðurinn hefur unnið eftir hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar með það að markmiði að stuðla að góðum stjórnarháttum og sjálfbærni. Á heimasíðu sjóðsins er greint frá framkvæmd stefnunnar. Á hverju ári hafa verið tekin skref til að innleiða svonefnd UFS viðmið í fjárfestingar sjóðsins. Við mat á fjárfestingakostum hjá sjóðnum hefur verið lögð aukin áhersla á greiningu á umhverfis-, félags- og stjórnháttum en ljóst er að ein stærsta áskorun komandi ára snýr að umhverfismálum.

Undanfarin ár hafa sjóðfélagar í auknum mæli tekið veðlán hjá sjóðnum en á árinu varð umtalsverð breyting á lánamarkaði þar sem bankarnir tóku að bjóða lægri vexti en lífeyrissjóðirnir. Því varð meira um uppgreiðslur sjóðfélagalána hjá sjóðnum en áður hefur þekkt. Á árinu 2020 veitti sjóðurinn 880

ný lán til sjóðfélaga að fjárhæð 20 ma.kr á móti 530 lánnum á árinu 2019 að fjárhæð 10,6 ma.kr. Uppgreiðslur lána voru á árinu voru 10.8 ma.kr á móti 3,7 ma.kr á árinu 2019. Að vissum skilyrðum uppfylltum tengdum greiðsluerfiðleikum vegna Covid-19 veitti sjóðurinn tímabundin úrræði varðandi frestun á greiðslum afborgun og vöxtum og/eða lánstími lengdur.

Á síðustu misserum hafa vextir farið lækkandi hérlendis og erlendis og ekki lítur út fyrir að sú þróun eigi eftir að breytast mikið á næstunni. Þetta lágvaxtaumhverfi kallar á skoðun viðmiða sem notuð eru til að meta skuldbindingar lífeyrissjóðanna sem nú er 3,5% raunávöxtun. Þá hefur hækkandi lífaldur mikil áhrif á skuldbindingar sjóðanna sem og aukin örorkubyrði. Hingað til hafa skuldbindingar verið reiknaðar út frá lífslíkum byggðum á reynslu fortíðar en ekki spá til framtíðar. Þá þarf einnig að meta þær forsendur sem sjóðurinn notar við sína útreikninga á örorkuskuldbindingum. Á árinu 2015 kynnti Félag Íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjar forsendur við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu sem tóku mið af framtíðarspám. Þær hafa ekki enn verið samþykktar af ráðuneyti en búast má við innleiðingu þeirra á næstunni. Það er ljóst að við verðum að vera vakandi yfir þeim þáttum sem hafa áhrif á skuldbindingar sjóðsins því það er ekki gott að lofa einhverju sem ekki er hægt að standa við. Mikilvægt er að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins komi sér saman um hvernig lífeyriskerfið á að vera og hvernig það tekur á hækkandi lífaldri og lægri ávöxtun, en ljóst er að ekki er hægt að bíða mikið lengur með þá vinnu.

Stjórnvöld hafa kynnt frumvarp um breytingu á lífeyrissjóðslögum en þær breytingar kalla bæði á gjörbreytt lífeyriskerfi landsins og aukið flækjustig. Fram hefur komið í yfirlýsingu stjórnvalda að hefja eigi vinnu að gerð grænbókar um lífeyriskerfi landsins en eðlilegra er að ljúka þeirri vinnu, móta framtíðarsýn fyrir lífeyriskerfi landsins og síðan ráðast í viðeigandi lagabreytingar.

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam í árslok 2020 287,8 ma.kr. og hækkaði um 38,7 ma.kr. á milli ára. Fjárfestingatekjur námu 28,1 ma.kr. og rekstrarkostnaður var tæpar 560 m.kr.

Á árinu 2020 greiddu rúmlega 19.900 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði samanborið við 18.600 árið á undan og fjöldi sjóðfélaga var í árslok 110.466 samanborið við 105.107 árið á undan. Heildariðgjöld ársins námu 18,8 ma.kr.

Heildargreiðslur lífeyris á árinu námu tæpum 7,7 ma.kr. en voru tæpar 6,6 ma.kr. á árinu 2019. Að meðaltali greiddi sjóðurinn mánaðarlegan lífeyri til 8.732 sjóðfélaga en á árinu 2019 voru þeir að meðaltali 7.862.

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins voru heildarskuldbindingar umfram eignir í A deild 3,9% og B deild 16,6% en í V deilda námu eignir umfram skuldbindingar 0,6%.

Nánar verður greint frá ársreikningi sjóðsins síðar á fundinum.

Áhrif Covid-19 settu sitt mark á starfsemi ársins. Vegna sóttvarnarfyrirmæla var móttaka sjóðsins lokað stóran hluta af árinu og afgreiðsla erinda fór fram í gegnum síma eða á netinu. Á tæpri viku var starfsemi sjóðsins gjörbreytt og meirihluti starfsmanna vann heiman frá sér. Engu að síður gekk starfsemin vel en því má þakka að sjóðurinn hefur á undanförunum árum tekið stór skref í stafrænum lausnum sem komu sér vel í þessum aðstæðum. Starfsfólk sjóðsins býr yfir góðri reynslu og þekkingu sem gagnast vel þegar sinna þarf krefjandi og flóknum verkefnum. Ég, fyrir hönd stjórnar, þakka starfsfólki sjóðsins fyrir afar gott samstarf og vel unnin störf. Þá ber að þakka gott samstarf við aðra stjórnar- og nefndarmenn en á árinu 2020 voru haldnir 16 stjórnarfundir.



Ég legg þá tillögu fyrir fundinn að fundarstjóri verði Þóra Jónsdóttir og fundarritari Birna Bjarnþórsdóttir.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

*Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lýsti yfir að boðað hefði verið til ársfundarins með þeim hætti sem samþykktir lífeyrissjóðsins gera ráð fyrir, en ársfundurinn var auglýstur á heimasíðu sjóðsins og í Fréttablaðinu þann 15. maí. Engar athugasemdir bárust frá fundarmönnum um boðun fundarins og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan. Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins og kynnti næsta dagskrárlið sem var yfirferð framkvæmdastjóra á ársreikningi sjóðsins.*

## 2. Ársreikningur 2020

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Gerður Guðjónsdóttir, kynnti ársreikning Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga 2020 og greindi jafnframt frá því að ársskýrsla sjóðsins 2020 væri birt á heimasíðu sjóðsins. Stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest ársreikninginn og endurskoðendur sjóðsins hafa áritað ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 38,7 ma.kr. á árinu 2020 sem samsvarar 10,8% nafnávöxtun og 7,1% raunávöxtun.

Brú starfrækir þrjár samtryggingardeildir, A og V deild og svo B deild sem samanstandur af sjö réttindasöfunum sem eru með bakábyrgð viðkomandi sveitarfélaga.

Virkir sjóðfélagar voru 19.906 að meðaltali á árinu 2020 og fjölgaði þeim um 1042 í A deild og 341 í V deild en í B deild fækkaði þeim um 24, en rúmlega 110 þúsund einstaklingar áttu réttindi í sjóðnum í árslok 2020. Lífeyrisþegum fjölgaði í öllum deildum, í A deild um 661, í V deild um 131 og í B deild um 69. Í árslok 2020 voru lífeyrisþegar hjá Brú lífeyrissjóði samtals 9.094 samanborið við 8.233 í árslok 2019.

Við yfirferð á iðgjöldum og lífeyri kom fram að iðgjöld sjóðfélaga á árinu 2019 voru 16,3 ma.kr. og hækkuðu um 2,1 ma.kr. milli ára eða 14,8%. Sérstök aukaframlög á árinu voru 2,6 ma.kr. samanborið við 2,3 ma.kr. 2019. Lífeyrisgreiðslur á árinu 2020 voru 7,5 ma.kr. og hækkuðu um 1,0 ma.kr. frá fyrra ári eða um 15,7%. Ellilífeyrir vegur sem fyrr þýngst og var 71,0% af greiddum lífeyri á árinu, örorkulífeyrir 20,8% og makalífeyri 6,6%.

Fjárfestingatekjur voru 28,2 ma.kr. á árinu 2020 og hækkuðu um 4,7 ma.kr. frá fyrra ári. Hagfelld á er að baki og var ávöxtun eignarhluta í félögum og sjóðum áfram góð og skilaði 12,9 ma.kr. í fjárfestingatekjur samanborið við 9,9 ma.kr. á árinu 2019. Hafa þarf þó í huga að gangvirðisbreytingar eignahluta eru að mestu leyti óinnleystar tekjur eða 12,2 ma.kr. Innlendir skuldabréfamarkaður skilaði einnig ágætri ávöxtun á árinu samhliða lækkun raunvaxta og voru tekjur af skuldabréfum og sjóðfélagalánum 11,1 ma.kr. samanborið við 12,1 ma.kr. árið 2019.

Fjárfestingagjöld voru 78,7 m.kr. og hækkuðu um 22 m.kr. á milli ára. Breytingar á fyrirkomulagi eignastýringar á undanförunum árum hafa skilað sér í lægri fjárfestingargjöldum, en öll innlend stýring er nú innan sjóðsins. Óbeinar fjárfestingabóknarir eru áætlaðar um 464,0 m.kr. og lækka um 70,7 m.kr. á milli ára, einkum vegna lægri frammistöðutengdra greiðslna.

Rekstrarkostnaður ársins var um 559,7 m.kr. og hækkaði um 35,6 m.kr. milli ára. Launakostnaður hækkaði um kr. 11,0 m.kr. og vegur þar þýngst hækkun á áföllnu ógreiddu orlofi um 7,3 m.kr. sem

rekja má til minni töku sumarfrís en venjulega vegna Covid-19. Fjöldi stöðugilda var óbreyttur milli ára en starfsmenn hafa verið að koma aftur úr fæðingarorlofi. Kostnaður vegna upplýsingatækni hækkaði einnig um 15,1 m.kr. frá fyrra ári og kostnaður vegna sérfræðinga um 11,3 m.kr. sem má rekja til ráðgjafar vegna UT mála og mannauðsmála. Stjórnun og stefnumótun lækkaði aftur á mótí milli ára um 3,1 m.kr. en stefnumótun var frestað vegna samkomutakmarkana.

Við yfirferð á efnahagsreikningi kom fram að hrein eign sjóðsins í lok árs 2020 var 287,8 ma.kr. og hækkaði um 38,7 ma.kr. milli ára. Fjárfestingaeign sjóðsins nam alls 279,0 ma.kr. í lok árs 2020 og hækkaði um 38,6 ma.kr. á árinu. Hlutabréfæign sjóðsins hækkaði um 31,5 ma.kr. frá fyrra ári og skuldabréf um 9,1 ma.kr. Bundnar bankainnstæður lækkuðu um 2,0 ma.kr. og voru 2,0 ma.kr. í lok árs 2020.

Kröfur og aðrar eignir í árslok 2020 eru 1,9 ma.kr. samanborið við 1,8 ma.kr. í árslok 2019 og er stærsti hluti krafna iðgjaldakröfur. Sjóður og veltiinnlán voru 9,1 ma.kr í árslok 2020 en 7,4 ma.kr. í lok árs 2019. Skuldir í árslok voru 2,1 ma.kr. og eru að stærstum hluta vegna ógreiddra verðbréfavíðskipta yfir áramótin.

Ávöxtun ársins 2020 var mjög góð eins og 2019 og þriðja besta raunávöxtun sjóðsins sl. 10 ár. Meðalraunávöxtun sjóðsins á árinu 2020 var 7,1%, síðustu 5 ára 4,6% og síðustu 10 ára 4,9%. Raunávöxtun A og V deildar á árinu 2020 var 7,1% en 6,6% í B deild. Við yfirferð á fjárfestingaeign kom fram að samsetning eigna A og V deildar er sú sama, þar sem eignum deildanna er stýrt sameiginlega. Samsetning eigna er önnur í B deild á þann veg að vægi eignarhluta í félögum er minna og vægi skuldabréfa meira.

*Fundarstjóri bauð gestum upp á umræður og fyrirspurnir um fyrstu tvo dagskrárliðina.*

*Engar spurningar. Kynntur var næsti dagskrárliður og bauð fundarstjóri Gerði Guðjónsdóttur framkvæmdastjóra sjóðsins að kynna skýrslu um tryggingafræðilega athugun.*

### 3. Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri fór yfir niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar sjóðsins í árslok 2020. Árlega er gerður samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við skuldbindingar vegna greiðslu lífeyris. Skuldbindingar sjóðsins ráðast af þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa aflað.

Helstu forsendur útreikninga tryggingafræðilegra athugana eru ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998. Mikilvægustu forsendurnar eru vextir og lífslíkur. Í lok árs 2019 gaf Fjármálaráðuneytið út nýjar staðalforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir sem byggðar eru á nýjum reiknigrundvelli sem félag íslenskra tryggingastærðfræðinga samþykkti á árinu 2018. Breyting á forsendum við mat á eftirlauna- og örorkuskuldbindingum fólust í uppfærslu á lífslíkum byggt á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða, en ekki til þjóðarinnar allrar eins og áður, aðlagð að nýgengi örorku. Ef talið er að aðrar forsendur en staðalforsendur eigi betur við í viðkomandi sjóð er tryggingastærðfræðingi heimilt að nota aðrar forsendur, en ef vikið er frá staðalforsendum ber einnig til samanburðar að reikna eftir staðalforsendum.

Í A og V deild er miðað við 57% af meðaltali örorku hjá körlum en 75% hjá konum. Í B deild er miðað við 100% af meðaltali örorku hjá körlum en 66,7% hjá konum.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar A deildar í árslok 2020 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2020 var 182,5 ma.kr. og hækkaði um 24,2 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg



eign A deildar í árslok 2020 var 205,7 ma.kr. og hækkaði um 22,7 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 23,1 ma.kr. hærri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding neikvæð um 15,5 ma.kr. eða um 3,9% af heildarskuldbindingunni.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar V deildar í árslok 2020 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2020 var 40,1 ma.kr. og hækkaði um 6,3 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg eign V deildar í árslok 2020 var 39,9 ma.kr. og hækkaði um 5,7 ma.kr. á milli ára. Voru eignir í árslok 2020 lægri en áfallin skuldbinding. Ef reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, verður heildarskuldbinding jákvæð um 586 m.kr. eða um 0,6% af heildarskuldbindingunni.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar B deildar í árslok 2020 sýnir að áfallin skuldbinding deildarinnar í árslok 2020 var 60,1 ma.kr. og hækkaði um 3,9 ma.kr. á milli ára. Tryggingafræðileg staða B deildar var neikvæð um 16,6% í árslok 2020. Heildareignir voru 51,6 ma.kr. og heildarskuldbindingar 61,8 ma.kr. og nemur því hallinn 10,2 ma.kr. Til að standa undir lífeyrisgreiðslum greiða launagreiðendur aukaframlag sem er ákveðið hlutfall af lífeyrisgreiðslum í hverju réttindasafni. Í tryggingafræðilegri athugun er tekið tillit til þessara framlaga og þau færð sem eign sem nemur um 38,0 ma.kr.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 3. dagskrárlíð. Engar spurningar. Fundarstjóri bauð Svandísi Rún Ríkarðsdóttur, sviðstjóra eignastýringar að fara yfir næsta dagskrárlíð.*

#### 4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt

Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar, kynnti fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2021 og benti einnig á að stefnan í heild er birt á heimasíðu sjóðsins en þar er einnig að finna upplýsingar um mánaðarlega eignastöðu sjóðsins

Fram kom að markmið stjórnar er að sjá til þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með hliðsjón af þeim kjörum sem í boði eru á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning sjóðsins er í samræmi við lög og fjárfestingastefnu, stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og hluthafastefnu sjóðsins. Við ákvörðun um samsetningu eigna í fjárfestingarstefnu sjóðsins er litið til stefnu um eignaflokka, núverandi ávöxtunar og væntanlegrar útgáfu og annarra þátta sem talið er að kunnir að hafa áhrif á fjárfestingarumhverfi og möguleika sjóðsins til ávöxtunar á komandi ári.

Í ljósi markaðsaðstæðna er horft til þess í fjárfestingastefnu sjóðsins 2021 fyrir A og V deild, að auka enn frekar við eignir í erlendum hlutabréfum úr 18% í 20% og innlendra hlutabréfa úr 6% í 7% en draga úr fjárfestingu í innlendum skuldabréfum og innlánnum úr 55% í 51%. Í ljósi þeirrar aukningar sem verið hefur í útgefnum fasteignaveðtryggðum skuldabréfum til sjóðfélaga var jafnframt ákveðið að hlutfall þess eignaflokks sem nær m.a. yfir sjóðfélagalán hækki enn frekar og fari úr 13% í 14%.

Vægi skuldabréfa og innlána í A og V deild minnkar því úr 69% í 66% en vægi hlutabréfa og fagfjárfestasjóða eykst og fer úr 31% í 34%.

Fjárfestingastefnan fyrir B deildina er sem fyrr varkár en markmiðið er að ekki reyni frekar á bakábygð sveitarfélaganna.

Ákveðið var að draga aðeins úr skuldabréfum og innlánnum hjá B deild úr 74% í 72% en auka við stöðu hlutabréfa og fagjáfrestingarsjóða úr 26% í 28%. Í ljósi markaðsaðstæðna er horft til þess að auka við eignir í erlendum hlutabréfum úr 18% í 20%.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir um 4. dagskrárlið.*

*Engar spurningar. Fundarstjóri fór yfir næsta dagskrárlið.*

## 5. Tilnefning stjórnarmanna og varamanna

Núverandi stjórn tók til starfa í desember 2018. Engar breytingar hafa verið á stjórnarmönnum eða varamönnum á árinu. Samband íslenskra sveitarfélaga skipaði þrjá stjórnarmenn en það eru Benedikt Þór Valsson sem er varaformaður stjórnar, Auður Kjartansdóttir og Halldóra Káradóttir. Varamenn þeirra eru Sigurður Ármann Snævarr, Halla Margrét Tryggvadóttir og Edda Schram. BSRB skipar tvo stjórnarmenn en það eru Garðar Hilmarsson sem er formaður stjórnar og Sonja Ýr Þorbergsdóttir. Varamenn þeirra eru Magnús Smári Smáráson og Anna María Gunnarsdóttir. Bandalag háskólamanna skipar einn stjórnarmann en það er Þorkell Heiðarsson og varamaður hans er María Rúnarsdóttir.

Endurskoðunarnefnd er einnig óbreytt frá fyrra ári en nefndarmenn eru Karl Björnsson formaður, Birgir Björn Sigurjónsson og Garðar Hilmarsson.

Nefndarmenn áhættunefndar eru þau Birgir Björn Sigurjónsson formaður og Halldóra Káradóttir, þeir sömu og á árinu 2019.

## 6. Kynning á breytingum samþykta sjóðsins

Fundarstjóri, sem er jafnframt sviðstjóri réttindasviðs, greindi frá því að stjórn samþykkti breytingar á samþykktum sjóðsins þann 30. nóvember 2020. Breytingar á samþykktum voru vegna breytinga á réttindatöflum í A og V deild í samræmi við tillögur tryggingastærðfræðings sjóðsins, þar sem niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar ársins 2019 var með halla vegna framtíðariðgjalda miðað við núverandi forsendur um lífs- og örorkulíkur. Gildandi samþykktir Brúar eru frá 1. febrúar 2021.

Fyrirhugað er að gera eftirfarandi breytingar á samþykktum sjóðsins á árinu 2021:

- Breytingar á 3. grein vegna krafna Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um skýrleika við afturköllun á umboði stjórnarmanna.
- Breytingar á réttindaákvæðum tiltekinna B deildar sjóða.
- Viðbót við grein 11.5 um jafna ávinnslu örorkulífeyrisþega.
- Orðalagsbreyting á greinum 35.3, 35.4, 35.5 og viðauka 8 sem snýr að reiknireglum vegna B deildar.

## 7. Önnur mál

Engin tillaga var lögð fram um önnur mál.

*Boðið var upp á umræður og fyrirspurnir í lok fundarins.*

Fundarstjóri lagði til að hann og fundarritari fengju leyfi fundarins til að ganga frá fundargerð og birta á vefsíðu sjóðsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.


Fundarstjóri þakkaði góðan fund og bauð formanni stjórnar orðið til að slíta fundi.

Formaður stjórnar þakkaði stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og framsögumönnum og gestum fyrir góðan fund og erindi og sleit að því loknu fundinum.

Fundi slitið kl. 15:30.



Póra Jónsdóttir, fundarstjóri



Birna Bjarnþórsdóttir, fundarritari